

245/46

Fundur haldinn í héraðsráði mánudaginn 23. júlí 2007 kl. 13:30 á skrifstofu héraðsnefndar Húnabraut 32.

Mættir voru: Adolf H. Berndsen, Tryggvi Jónsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Valgarður Hilmarsson,

Dagskrá:

1. Fundargerð héraðsnefndar frá 12 júlí.
2. Bréf frá Viggó Jónssyni .
3. Bréf frá skólastjóra Grunnskóla Blönduós.
4. Viðhald Hnitbjarga
5. Málefni Sæborgar.
6. Önnur mál

1. Farið var yfir fundargerð héraðsnefndar frá 12. júlí s.l. Ekki var á fundinum kjörinn varaoddviti. Héraðsráð samþykkir að Tryggvi Jónsson verði varaoddviti til eins árs.
2. Lagt var fram bréf Viggós Jónssonar þar sem hann fyrir hönd Skíðadeildar Tinndastóls óskar eftir aðkomu sveitarfélaganna í Austur-Hún. að uppbyggingu skíðasvæðisins við Tindastól. Ákveðið að framkvæmdastjóri skrifi sveitarstórnum bréf um málið og óska eftir viðhorfi þeirra.
3. Lagt fram bréf skólastjóra Grunnskóla Blönduós þar sem hann segir upp leigu á húsnæði í Kvennaskólanum þar sem smíðakennsla fór fram. Framkvæmdastjór falið að ganga frá málinu við skólann.
4. Framkvæmdastjóri skýrði frá að óskað hafi verið eftir verðhugmyndum í endurnýjun glugga í Hnitbjörgum og er frestur til að skila þeim að renna út.
5. Oddvita falið að ganga frá samkomulagi við forstöðumann um starfslok hennar. Einnig var rætt um leiðir til að tryggja reksturinn.
6. Ekker kom fram undir önnur mál.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.15:00.

-----  
Adolf H. Berndsen

-----  
Valgarður Hilmarsson

-----  
Tryggvi Jónsson

-----  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson